

Nd.

377. Frumvarp

til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstíminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 100 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna. Landssjóður leggur til áhöld í yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.